

Sb. 237. Tillaga til þingsályktunar

um nýja útgáfu af lagasafni.

Flm.: Jónas Jónsson, Stefán Jóh. Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að hið allra fyrsta komi ný útgáfa af lagasafni (gildandi lögum íslenskum) frá 1931, þar sem felld verði niður það, sem þá er úr gildi gengið af íslenskum lögum, en bætt við nýjum lögum, og að öðru leyti athugað um endurbætur á formi og tilhögun lagasafnsins.

G r e i n a r g e r ð.

Árið 1932 kom út fyrsta útgáfa af lagasafni (gildandi lögum íslenskum 1931). Rit þetta, sem í daglegu tali oft er nefnt „lögbókin“, hefir átt miklum vinsældum að fagna, og mun það vera að mestu leyti uppselt. Þetta lagasafn er hin nauðsynlegasta bók, ekki einungis fyrir alla þá, er fást við lögfræðileg efni, heldur einnig fyrir allan þorra manna, er fást við embættisstörf eða sýslanir eða hverskonar atvinnurekstur. En þó að ekki séu liðin nema fá ár frá því að lagasafnið kom út, er það þegar orðið nokkuð úrelt. Letursteypan að ritinu er öll geymd, og verður því miklum mun ódýrara að gefa það út að nýju.

Þar sem hér er því að ræða um hið nauðsynlegasta rit, sem bæði er næstum uppselt og allverulega úrelt, ber brýna nauðsyn til þess að fá nýja útgáfu af lagasafninu. Þess vegna er þingsályktunartillaga þessi flutt.